



# ÍSAFJARÐARBÆR

## ERINDISBRÉF

# Starfshópur vegna skipulags útivistarsvæða í Tungu- og Seljalandsdal

## Stjórnskipuleg staða

Starfshópurinn heyrir beint undir bæjarstjóra. Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs starfar með starfshópnum.

Hópurinn starfar þar til hlutverk hópsins er lokið.

Bæjarstjórn tilnefnir í starfshópinn.

## Skipan starfshópsins

Í hópnum eiga sæti 5 fulltrúar, bæði embættismenn og bæjarfulltrúar.

Bæjarfulltrúar í hópnum fá greitt fyrir fundi nefndarinnar.

## Markmið og hlutverk verkefnis

Markmið verkefnisins er að skipuleggja útivistarsvæði í Ísafjarðarbæ. Fyrst er horft til Tungu- og seljalandsdals, ásamt tengingum við útivistarsvæði í Holtahverfi og Seljalandsmúla. Afurð verkefnisins yrði grunnur að nútímalegu skipulagi af firðinum þar sem fram kæmi framtíðarnotkun svæðanna með heilsárs notkun í huga fyrir íbúa og gesti, sem síðan yrði að deiliskipulagi og hluti af endurskoðun aðalskipulags Skutulsfjarðar. Meðfylgjandi yrði greinargóðar lýsingar á verkefnum, kostnaðarmat og verkáætlun. Þannig væri hægt að fara í einstök verkefni og klára þau eftir því sem staða bæjarsjóðs leyfir.

Verkefnið afmarkast við:

### *Tunguskógur (Dagverðardalur)*

- Hönnun og skipulag svæðisins sem útivistarsvæðis með áherslu á göngu- skíða og hjólaleiðir.
- Hönnun og skipulag áningarstaða með leiktækjum og opnum samverusvæðum.
- Frekari hönnun á þjónustusvæði/tjaldsvæði
- Endurskoðun byggingasvæðis, skógræktar og ósnortinnar náttúru ásamt hönnun á heildarmynd sem skapar samfellu milli ólíkra nýtingarmöguleika.

### *Seljalandsdalur/Tungudalur*

- Hönnun og skipulag skíðasvæðis með hliðsjón að heilsárs notkun fyrir íbúa og gesti.

- Gert skal ráð fyrir skíða-, hjóla- hlaupaleiðum ásamt, annarri útivist.
- Afmörkun svæða með tilliti til notkunar.

#### *Skutulsfjörður*

- Skipulag göngu- hlaupa- hjóla og skíðastíga ásamt hönnun á heildarmynd fjarðarins sem skapar samfellu.
- Verkefnið skal vinna í góðri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila og í samráði við skipulagsnefnd og embættismenn Ísafjarðarbæjar.

Hlutverk starfshópsins er

- að sjá um gagnaöflun, skipulag og uppsetningu funda með íbúum og hagsmunaaðilum.
- að sjá um gerð teikninga af framtíðarnotkun svæðisins sem skuli skila með greinargóðri skýrslu þar sem fram kemur lýsinga á verkefnum, kostnaðargreining og verðáætlun.
- að hafa yfirumsjón með verkefninu, yfirfara tillögur og gera tillögu fyrir umhverfis- og framkvæmdanefnd og íþróttá- og tómstundanevnd.
- að vera nefndum og bæjarstjórn til ráðgjafar í verkefninu.

## **Starfshættir**

Um starfshætti starfshópa og nefnda er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Starfshópurinn kemur saman fyrir luktum dyrum, og kallar til sín gesti og sérfræðinga eftir þörfum. Starfshópurinn hefur tiltekið fjármagn til nota í fjárhagsáætlun 2019.

Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs er starfsmaður hópsins og ritar fundi hópsins. Formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar er formaður hópsins.

Í fundargerð skal m.a. getið hvar og hvenær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal meginefni umfjöllunarefnis fundar og ef ákvörðun ef hún er tekin á fundinum. Fundargerðin skal lesin upp í lok fundar og undirrituð af fundarmönnum.

Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs boðar til fundarins í samráði við formann hópsins. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum starfshópsins skv. ákvæðum VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti hópsins er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

## **Eftirfylgni**

Hópurinn skal skila af sér stöðugreiningu og mögulegum tillögum.

## Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í starfshópnum gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann starfshópsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag bæjarins að leiðarljósi við störf sín í starfshópnum en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum starfshópsins.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir starfshópin og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 fulltrúa, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal starfshópurinn taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hans.

Þá skal starfshópurinn fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.